



Fundargerð

12. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 19. apríl 2023, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Reynir Örn Pálmason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristín Ósk Ómarsdóttir, Helga Björg Helgadóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar UTU - 2304010

Lögð fram fundargerð 257. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr 23-181.

Mál nr. 35; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-181 - 2303002F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-181 lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU - 2304037

Lögð fram fundargerð 258. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-182.

Mál nr. 1; Skammilækur (L202060); byggingarheimild; gestahús - 2303054.

Fyrir liggur umsókn Reynis Arnar Pálmasonar, móttækin 20.03.2023, um byggingarheimild fyrir 61 m² gestahúsi með svefnlofti á jörðinni Skammilækur L202060 í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 2; Ásmúli Ássel L165327; Ás-Sel; Deiliskipulag - 2303058.

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Ás-Sels L165327 í Ásahreppi. Skipulagið tekur til afmörkunar lóðar auk byggingarreita fyrir íbúðarhús, bilskúr, skemmu/hesthús og tveggja gestahúsa. Innan svæðis er heimilt að byggja upp að hámarki 1.500 m². Gert er ráð fyrir að núverandi aðkomuvegur viki fyrir nýjum aðkomuvegi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggja fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 23-182 - 2303004F.

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 23-182.

3. Fundargerð 3. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2304002

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Húsakynna bs.

Til kynningar.

KOO ABH
BI
TU

4. Fundargerð 4. fundar stjórnar Húsakynna bs. - 2304015

Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Húsakynna bs.

Eina mál á dagskrá þessa fundar er ársreikningur Húsakynna bs. fyrir rekstrarárið 2022. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti fram lagðan ársreikning.

5. Fundargerð 9. fundar stjórnar Odda bs. - 2304036

Lögð fram fundargerð 9. fundar stjórnar Odda bs. ásamt ársreikningi Odda bs. 2022.

Dagskrárliður nr. 1 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti ársreikning Odda bs. fyrir rekstrarárið 2022. Að öðru leyti er fundargerðin til kynningar.

6. Fundargerð 3. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. - 2304016

Lögð fram fundargerð 3. fundar stjórnar Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps.

3. dagskrárliður þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir samhljóða fyrir sitt leyti ársreikning Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. fyrir rekstrarárið 2022. Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

7. Fundargerð 76. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2304011

Lögð fram fundargerð 76. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. ásamt ársreikningi 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti ársreikning Brunavarna Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2022, skv. bókun stjórnar í 1. dagskrárlið. Fundargerð að öðru leyti til kynningar.

8. Fundargerð 29. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs. - 2304021

Lögð fram fundargerð 29. fundar stjórnar Tónlistarskóla Rangæinga bs. ásamt ársreikningi fyrir rekstrarárið 2022.

Dagskrárliður 1 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti ársreikning Tónlistarskóla Rangæinga bs fyrir rekstrarárið 2022. Aðrir dagskrárliðir til kynningar.

9. Fundargerð 226. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2304034

Lögð fram fundargerð 226. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

10. Fundargerð 227. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2304035

Lögð fram fundargerð 227. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

11. Fundargerð 228. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2304017

Lögð fram fundargerð 228. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Dagskrárliður 1 þarfnast staðfestingar hreppsnefndar. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fyrir sitt leyti ársreikning Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir rekstrarárið 2022.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HGH", "KOO", "BT", "D", "EJ", and "MU".

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

12. Fundargerð 69. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2304032

Lögð fram fundargerð 69. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar.

13. Fundargerð 70. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2304033

Lögð fram fundargerð 70. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 71. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu - 2304013

Lögð fram fundargerð 71. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Til kynningar.

15. Fundargerð 100. fundar stjórnar UTU - 2304029

Lögð fram fundargerð 100. fundar stjórnar UTU ásamt ársreikningi UTU fyrir rekstrarárið 2022.

Til kynningar.

16. Fundargerð 108. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJÞ - 2304001

Lögð fram fundargerð 108. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökuls þjóðgarðs.

Til kynningar.

17. Fundargerð 109. fundar svæðisráðs vestursvæðis VJÞ - 2304031

Lögð fram fundargerð 109. fundar svæðisráðs vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs.

Til kynningar.

18. Fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2304019

Lögð fram fundargerð 226. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt ársreikningi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2022.

Til kynningar.

19. Fundargerð 592. fundar stjórnar SASS - 2304004

Lögð fram fundargerð 592. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

20. Fundargerð 593. fundar stjórnar SASS - 2304005

Lögð fram fundargerð 593. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

HÖH
KOO
BT
JJ
M

- 21. Fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga - 2304007**
Lögð fram fundargerð 58. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
Til kynningar.
- 22. Fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2304009**
Lögð fram fundargerð 920. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Til kynningar.
- 23. Fundargerð 52. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2304022**
Lögð fram fundargerð 52. fundar stjórnar Bergrisans bs.
Til kynningar.
- 24. Fundargerð 53. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2304023**
Lögð fram fundargerð 53. fundar stjórnar Bergrisans bs.
Til kynningar.
- 25. Fundargerð 54. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2304024**
Lögð fram fundargerð 54. fundar stjórnar Bergrisans bs. ásamt drögum að ársreikningi Bergrisans bs fyrir rekstrarárið 2022.
Til kynningar.
- 26. Fundargerð 4. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2304030**
Lögð fram fundargerð 4. fundar stjórnar Arnardrangs hses.
Til kynningar.
- 27. Fundargerð 24. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis - 2304025**
Lögð fram fundargerð 24. fundar svæðisskipulagsnefndar Suðurrhálendis.
Til kynningar.
- 28. Fundargerð 594. fundar stjórnar SASS - 2304027**
Lögð fram fundargerð 594. fundar stjórnar SASS.
Til kynningar.
- 29. Fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2304028**
Lögð fram fundargerð 921. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
Til kynningar.

Friðrik Einarsson, KPMG, mætir á fundinn undir þessum dagskrárlið.

30. Ársreikningur Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2022 - 2304008

Lagður fram ársreikningur Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2022. Ársreikningurinn kynntur af endurskoðanda og sveitarstjóra og fyrirspurnum svarað.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirliggjandi ársreikning Ásaljóss 2022 og

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the number 75 and various initials and symbols.

áritar hann.

Helstu kennitölur ársreikningsins eru:

Rekstrartekjur: kr 5.875.414

Rekstrarkostnaður: kr 1.926.664

Afskriftir: kr 3.771.849

Fjármagnsgjöld: kr 296.086

Rekstrarniðurstaða: kr -119.185

Eignir samtals: kr 76.040.603

Skuldir samtals: kr 6.674.422

Eigið fé samtals: kr 72.366.181

Eigið fé og skuldir samtals: kr 76.040.603

Handbært fé samtals: 3.894.060

31. Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2022; fyrri umræða - 2304038

Friðrik Einarsson, frá KPMG, mætir á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Lagður fram til fyrri umræðu ársreikningur sveitarsjóðs Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2022 ásamt sundurliðun og samstæðuyfirliti.

Friðrik Einarsson og Valtýr Valtýsson fóru yfir ársreikning og skýrðu ýmsa liði, ásamt því að svara fram komnum fyrirspurnum.

Hreppsnefnd Ásahrepps þakkar Friðriki fyrir greinagóða yfirferð og vísar ársreikningi Ásahrepps til síðari og loka umræðu á aukafundi hreppsnefndar. Stefnt er að því að aukafundur hreppsnefndar Ásahrepps verði haldinn 27. apríl 2023 klukkan 8:30.

Friðrik Einarsson vék af fundi.

32. Tillaga að endurskoðuðum samþykktum Bergrisans bs; önnur umræða - 2303009

Lögð fram tillaga að endurskoðuðum samþykktum fyrir Bergrisann bs. sem tekin var til fyrri umræðu á síðasta fundi hreppsnefndar Ásahrepps. Umrædd tillaga að endurskoðuðum samþykktum var vísað til aðildarsveitarfélaga á auka aðalfundi Bergrisans bs. sem haldinn var 20. febrúar 2023.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti fyrirbyggjandi tillögu að endurskoðuðum samþykktum fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs.

33. Tillaga um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps vegna barnaverndarþjónustu - 2303014

Lögð fram tillaga um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps ásamt viðauka um fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að 42. grein samþykktanna verð svo hljóðandi:

42. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Hreppsnefnd kys í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til fjögurra ára.

Hreppsnefnd kys fulltrúa og varafultrúa þeirra í eftirtaldar nefndir sem kosið er í á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar og er kjörtímabil þeirra hið sama og hreppsnefndar.

Hreppsnefnd kys nefndum formann og varaformann.

1. Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Meðal verkefna er að fjalla um atvinnumál í sveitarfélaginu í umboði hreppsnefndar og gera tillögur

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'HSA', 'KOO', 'BJ', 'JJ', and 'MU'.

til hennar um efni sem tengjast atvinnumálum og mótar framtíðarsýn í atvinnumálum á svæðinu. Nefndin fylgir eftir stefnu hreppsnefndar fyrir hennar hönd og er tengiliður hreppsnefndar við atvinnu- og ferðamál á svæðinu. Einnig á nefndin að vera ráðgefandi fyrir hreppsnefnd í jafnréttismálum innan sveitarfélagsins, sbr. 13. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnvíslu jafnréttismála.

2. Umhverfisnefnd: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.

3. Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Einn fulltrúi og annar til vara. Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. er sameinað byggðasamlag í eigu sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu. Slökkvistöðvar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. eru á Hvolsvelli og Hellu.

4. Fjallskiladeild Holtamannaafréttar. Einn fulltrúi og annar til vara.

5. Kjörstjórn. Hreppsnefnd kys á fyrsta fundi sínum þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn sveitarfélaga til fjögurra ára sbr. 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021.

6. Oddi bs. Byggðasamlag um rekstur leik- og grunnskóla Ásahrepps og Rangárþings ytra, þ.e. leikskólinn Laugalandi, Heklukot á Hellu, Laugalandsskóla og grunnskólann á Hellu. Stjórn byggðasamlagsins skal skipuð fjórum aðalmönnum, þ.e. oddvitum beggja sveitarfélaga og tveimur fulltrúum úr byggðarráði Rangárþings ytra, sbr. auglýsingu um staðfestingu á samþykkt fyrir byggðasamlagið nr. 366/2023. Jafnframt skulu skipaðir fjórir varamenn úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn.

7. Sameiginlegt þjónustusvæði Suðurlands um þjónustu við fatlað fólk, Bergrisinn bs. Þrettán sveitarfélög á Suðurlandi mynda sameiginlegt þjónustusvæði á Suðurlandi um þjónustu við fatlað fólk í samræmi við lög nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, sem starfar skv. sérstöku samkomulagi. Stjórn þjónustusvæðisins er skipuð þremur fulltrúum, þ.e. einum frá hverju félagsþjónustusvæði sbr. auglýsingu um staðfestingu á samþykkt fyrir byggðasamlagið nr. 514/2015. Yfirstjórn sameiginlegrar skóla- og félagsþjónustu (NOS) skipar einn fulltrúa í stjórn þjónustusvæðisins. Framkvæmd þjónustusamningsins er í höndum þriggja manna þjónusturáðs og skipar NOS einn fulltrúa.

8. Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna. Einn fulltrúi og annar til vara, skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

9. Samráðsnefnd Ásahrepps og Rangárþings ytra. Fimm aðalmenn, auk varamanna. Verkefni samráðsnefndar eru um samstarfið að Laugalandi, um sameign og stjórnun Holtamannaafréttar og önnur verkefni sem samráðsnefndin telur áriðandi vegna annarra samstarfsverkefna.

10. Skipulagsnefnd Umhverfis- og tækni sviðs uppsveita bs. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur skipa sameiginlega sex manna skipulagsnefnd uppsveita skv. samþykkt fyrir byggðasamlagið sbr. auglýsingu nr. 35/2022. Ásahreppur skipar einn aðalmann og annan til vara í nefndina. Nefndin fer með skipulagsmál skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingarmál skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

11. Stjórn Umhverfis- og tækni sviðs uppsveita bs. Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur eiga aðild að byggðasamlaginu. Aðildarsveitarfélögin tilnefna hvert um sig einn aðalmann og einn varamann í stjórn byggðasamlagsins að afloknum sveitarstjórnarkosningum og er kjörtímabil stjórnar það sama og sveitarstjórnar. Stjórnarfulltrúar skulu vera aðalmenn í sveitarstjórnunum aðildarsveitarfélaganna. Stjórnin annast daglegan rekstur byggðasamlagsins. Framsals- og valdheimildir til byggingarfulltrúa fara eftir ákvæðum 30.- 33. gr. samþykktar þessarar og samþykktar fyrir byggðasamlagið Umhverfis- og tækni svið uppsveita bs.

12. Stjórn sameiginlegs seyruverkefnis. Ásahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur hafa gert samstarfssamning um sameiginlegan seyrurekstur. Ásahreppur skal skipa einn aðalmann og annan til vara í stjórn verkefnisins.

13. Stjórn Sorpsstöðvar Rangárvallasýslu bs. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.

14. Stjórn Húsakynna bs. Einn aðalmaður og annar til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa hreppsnefndar. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í

sveitarstjórnunum, sbr. auglýsingu um staðfestingu á samþykkt fyrir byggðasamlagið nr. 762/2022. Húsakynni bs. sjá um eignarhald og rekstur á sameiginlegri eign Rangárþings ytra og Ásahrepps. Sveitarfélögin geta falið Húsakynnum bs. að sjá um eignarhald og rekstur annars húsnæðis ef það samrýmist samþykktum byggðasamlagsins.

15. Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslna bs. Einn aðalmaður og annar til vara skv. samþykktum byggðasamlagsins.

Byggðasamlag sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um félags- og skólaþjónustu, sbr. auglýsing nr. [auglýsing um staðfestingu samþykta byggðasamlagsins] fer með verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt 10. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem ekki er falin öðrum.

Samþykkt þessari um stjórn og fundarsköp fylgir viðauki [auglýsing um fullnaðarafgreiðslu byggðasamlags sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps um félags- og skólaþjónustu] um fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

16. Stjórn Vatnsveitu Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. Einn aðalmaður og annar til vara og skulu þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa hreppsnefndar. Stjórn byggðasamlagsins er skipuð þremur aðalmönnum, tveimur frá Rangárþingi ytra og einum frá Ásahreppi, og eru þeir kjörnir úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórnunum. Vatnsveita Rangárþings ytra og Ásahrepps bs. starfar samkvæmt samningi sveitarfélaganna um rekstur hennar og samþykta hennar. Vatnsveitan sér um eignarhald og rekstur allra vatnsveitumannvirkja og dreifikerfis í eigu og á ábyrgð sveitarfélaganna annarra en þeirra sem eru í einkaeigu.

17. Stjórn Tónlistarskóla Rangæinga bs. Einn fulltrúi og annar til vara. Þar sem ekki eru kosnar sérstakar nefndir fer hreppsnefnd með verkefni þeirra

Jafnframt samþykkir hreppsnefnd Ásahrepps samhljóða viðauka, við samþykkt um stjórn og fundarsköp Ásahrepps, um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

34. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki II; Miðmundarholt 2 - 2303026

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 24. febrúar 2023, þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C, minna gistiheimili. Umsækjandi er Margrétarhof hf kt. 501109-0610 og forsvarsmaður Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir kt. 070789-2729. Gististaður er á lóðinni Miðmundarholt 2 í Ásahreppi, Fasteignanúmer: 222-2474 og rýmisnúmer: 01-0101. Fyrir liggur að byggingarfulltrúi UTU gerir ekki athugasemdir við að veitt verði umsótt leyfi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera engar athugasemdir við að leyfi verði veitt í rekstrarflokki II-C, fyrir allt að 8 gesti.

35. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki II; Miðmundarholt 5 - 2303027

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 5. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II-C, minna gistiheimili. Umsækjandi er Margrétarhof hf kt. 501109-0610 og forsvarsmaður Aðalheiður Anna Guðjónsdóttir kt. 070789-2729. Gististaður er á lóðinni Miðmundarholt 5 í Ásahreppi, Fasteignanúmer: 225-6086 og rýmisnúmer: 34. Fyrir liggur að byggingarfulltrúi UTU gerir ekki athugasemdir við að veitt verði umsótt leyfi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera engar athugasemdir við að leyfi verði veitt í rekstrarflokki II-C, fyrir allt að 4 gesti.

36. Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis gististaðar í flokki II; Áshamrar 2 - 2303028

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 23. mars 2023, þar sem óskað er umsagnar hreppsnefndar Ásahrepps vegna umsóknar um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II-

Hótt Koo
BT
JF
MS

H, H frístundahús. Umsækjandi er Áshamrar sf. kt. 7009191100 og forsvarsmáður Laufey Ósk Christensen kt. 160975-4829. Gististaður er á lóðinni Áshamrar 2 í Ásahreppi, Fasteignanúmer: 252-4294 og rýmismúmer: 01-0101 og 02-0101. Fyrir liggur að byggingarfulltrúi UTU gerir ekki athugasemdir við að veitt verði umsótt leyfi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að gera engar athugasemdir við að leyfi verði veitt í rekstrarflokki II-H, fyrir allt að 8 gesti, 4 í hvorum matshluta.

Ísleifur Jónasson véc af fundi undir þessum dagskrárlið.

37. Beiðni um styrk vegna uppsetningar á varmadælu, ljósastaura, kaupa á hreinsistöð og tengingu ljósleiðara - 2304012

Lagt fram bréf Brynju Jónu Jónasdóttur og Sigurðar Óskars Óskarssonar, dags. 13. mars 2023, þar sem óskað er eftir uppsetningu á tveimur ljósastaurum við íbúðarhús þeirra að Laufbrekku í Ásahreppi. Þau eiga lögheimili sitt þar. Jafnframt er óskað eftir styrk vegna uppsetningar á varmadælu þar sem ekki er unnt að tengja húsið við hitaveitu Veitna, styrk vegna kaupa á lífrænni hreinsistöð og tengingar við ljósleiðarakerfi Ásaljóss.

Meðfylgjandi bréfinu eru afrit reikningum og greiðslukvittunum sem sýna að bréfitarar hafa þegar greitt allan kostnað vegna þessara verkefna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk til þessara verkefna samkvæmt samþykkt hreppsnefndar um styrkveitingar dags. 15. mars 2023.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir styrkveitingu vegna uppsetningar varmadælu að upphæð kr. 1.864.483 í fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023, þá samþykkir hreppsnefnd samhljóða að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins að upphæð 1,9 milljónir króna sem færast á deild 1381-4120. Þessum útgjöldum verði mætt með lökkun á handbæru fé.

38. Kostnaður vegna svæðiskorts Suðurlands - 2304014

Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 27. mars 2023, þar sem óskað er eftir staðfestingu aðildarsveitarfélaga um skiptingu kostnaðar við uppfærslu og prentunaar á svæðiskorti Suðurlands. Samkvæmt innsendum upplýsingum yrði kostnaður Ásahrepps kr. 76.259.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi skiptingu kostnaðar við uppfærslu og prentun svæðiskortsins.

39. Skoðanakönnun meðal sveitarfélaga frá Markaðsstofu Suðurlands - 2304018

Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 31. mars 2023, þar sem óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps svari spurningakönnun sem er liður í stefnumótunarvinnu Markaðsstofunnar.

Meðfylgjandi er Ársskýrsla 2023, erindisbréf faghóps, og erindi til sveitarfélaga vegna endurnýjunar samninga (frá 2022) þar sem helstu verkefni Markaðsstofunnar eru talin upp.

Hreppsnefnd Ásahrepps felur sveitarstjóra að svara könnuninni.

40. Fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis ásamt minnisblaði - 2304026

Lagt fram tölvuskeyti SASS, dags. 5. apríl 2023, ásamt minnisblaði og fundargerð svæðisskipulagsnefndar Suðrhálendis.

Óskað er eftir að hreppsnefnd Ásahrepps taki minnisblaðið til formlegrar afgreiðslu, þar sem tekin verði afstaða til, hvort ljúka skuli gerð svæðisskipulagsins og skipting viðbótarkosnaðar samkvæmt töflu í minnisblaðinu.

Samkvæmt minnisblaðinu yrði viðbótarkostnaður Ásahrepps vegna svæðisskipulags Suðrhálendis kr. 1.395.349, sem myndi skiptast niður á tvö ár. Á árinu 2023 yrði til greiðslu kr. 930.233 og síðan á árinu 2024 kr. 465.116.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vinnu við svæðisskipulag Suðrhálendis verði

HÖH KEO
EJ
HI
MS

lokið og samþykkir viðbótarkostnað við verkefnið eins og fram kemur í minnisblaðinu. Þar sem ekki er gert ráð fyrir þessum viðbótarkostnaði að upphæð kr. 930.233 í fjárhagsáætlun Ásahrepps 2023, þá samþykkir hreppsnefnd samhljóða að gera viðauka við fjárhagsáætlun ársins að upphæð kr. 930.233, sem færist á deild: 0929, og þeim útgjöldum verði mætt með lækkun á handbæru fé.

41. Eftirfylgni vegna ákvörðunar hreppsnefndar um skipulagsmál orkumannvirkja á 11. fundi - 2304039

Umræða varð um eftirfylgni ákvörðunar hreppsnefndar Ásahrepps á 11. fundi sínum um að fresta afgreiðslu skipulagsmála sem tengjast orkumannvirkjum.

Til kynningar.

42. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir tímabilið janúar - mars 2023.

Til kynningar.

43. Bréf innviðaráðuneytis; starfsaðstæður kjörinna fulltrúa - 2304003

Lagt fram bréf innviðaráðuneytis, dags. 15. mars 2023, þar sem fram kemur hvatning vegna tillagna verkefnisstjórnar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Til kynningar.

44. Bréf Skipulagsstofnunar vegna deiliskipulags Lækjartúns II - 2304006

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar til skipulagsfulltrúa UTU, dags. 16. mars 2023, þar sem um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Lækjartúns II, stækkun svæðis og fjölgun lóða.

Til kynningar.

45. Niðurstaða umsóknar um nýjan héraðsveg að bænum Steinási - 2304020

Lagt fram afrit af bréfi Vegagerðarinnar til Reynis Arngrímssonar, dags. 28. mars 2023, þar sem tilkynnt er að Vegagerðin hefur samþykkt nýjan héraðsveg að bænum Steinási í Ásahreppi.

Til kynningar.

46. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Gert er ráð fyrir aukafundi hjá hreppsnefnd Ásahrepps 27. apríl n.k., til að taka lokaumræðu um ársreikning Ásahrepps 2022 og afgreiða hann.

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 17. maí 2023 á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 13:30.

Ísleifur Jónasson

Ísleifur Jónasson

Þráinn Ingólfsson

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Helga Björg Helgadóttir

Nanna Jónsdóttir

Nanna Jónsdóttir

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Kristín Ósk Ómarsdóttir

Valtýr Valtýsson

Valtýr Valtýsson